

**73. fundur skráningarráðs**, haldinn miðvikudaginn 13. nóvember 2013, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9 -11.

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir, og Áslaug Þorfinnsdóttir

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sveinbjörg Sveinsdóttir (að hluta)

1. **Kosning formanns.** Þóra Sigurbjörnsdóttir, endurkjörinn formaður
2. **Fundartími í vetur.** Samþykkt að halda sama fundartíma, annar miðvikudagur í mánuði. Íhuga nýjan fundarstað, í ljósi bílastæðavandræða..

3. **Rafhlaðan** Hildur fór yfir afritun gagna úr Gegni yfir í Rafhlöðuna. Farið yfir forsöguna og stöðu mála í dag. Efni sem fara á í Rafhlöðu merkt í 039 \$f = rh.

Munur á upprunalegu rafrænu og skönnuðu eldra efni. Sér merking í 583  
\$\$aSkannað

Nýtt URL verður til í Rafhlöðunni, eldri slóð á upprunalegan vistunarstað heldur sér á meðan hún er virk, eftir það á URL-ið í Rafhlöðu að taka við.

4. **Tímarit** . Farið yfir mun á niðurstöðum í Leitir.is, eftir því hvort niðurstöður koma úr Gegni eða Tímarit.is - Færslan úr Tímarit.is tekur yfir, en er villandi þar sem einungis skannað tímabil birtist, t.d. til 2011, við tímarit sem enn eru gefin út.

Unnið að lagfæringum á þessu. Ákveðið að fylgjast með og skoða aftur á næsta fundi.

5. **Fræðslufundur skrásetjara.** Fundurinn verður haldinn föstudaginn 29. nóvember. 2013, kl. 10-12:30 í Þjóðarbókhöllu.

Þóra fór yfir drög að dagskrá fundarins, þar sem meðal annars verður fjallað um forskráningar / skemmri skráningar.

Munur á skráningarformum til forskráningar í aðfangabætti og í skráningarbætti. Skráningarform aðfangabáttar meingallað, ekki hægt að nota flettilista og hætta á villum og tvískráningu. Skemmri skráning í skráningarbætti mun betri. Mörg röng ISBN númer í kerfinu.

Efni skráð í aðfangabætti skilar sér stundum ekki á söfnin, þá þarf að afskrifa pantanir og eyða færslum.

Hugsanlegt að halda sér námskeið / vinnufund um verklag fyrir notandur aðfangapáttar.

Rætt um ábyrgð íslenskra bókaútgefenda á réttum ISBN númerum, en brotalöm virðist vera í útgáfu þeirra og dæmi um ósamræmi milli númera á kápu og í sjálfum ritunum. Einnig mörg rit með sama ISBN númeri.

Sveinbjörg bendir á að hægt sé að fá lista frá bókaútgefendum. Hildur og Þóra segja að það hafi verið reynt, en gefist illa. Þörf sé á að útgefendur vinni listana betur.

## 6. Önnur mál.

- a) **Námsefnispakkar.** Sigrún tók dæmi af mismunandi skráningum á námsefnispökkum, þar sem um er að ræða textabækur, verkefnahefti og kennarahefti. Dæmi : Sproti, Stika, Geisli.

Misjafnt hvort samstætt sett raðast saman, eftir eftir því hvort númer er haft í titilsviði eða annars staðar.

Ákveðið að Sigrún hafi samráð við Menntavísindasvið HÍ og Skólasafnamiðstöð um hvaða útgáfa henti best. Skráningarráði verði kynnt niðurstaðan og hún fari sem leiðbeiningar á vöndu og í Handbók skrásetjara.

- b) **Eintakatengingar Árbók FÍ.** Þóra segir frá vinnu á BBS við flutning á eintakatengingum Borgarbókasafns af ritröðinni Árbók Ferðafélags Íslands, yfir á einstaka titla (mónografískar færslur). Kleppsvinna 800+ eintök í upphafi, og ekki eina dæmið um ritröð sem þarf að breyta á þennan máta.

Sveinbjörg bendir á að athuga hvort hægt sé, í samráði við Dögg, að gera þetta á einhvern kerfisbundinn máta.

- c) **Leitir.is – bæklingur.** Sveinbjörg minnir á enska og pólska útgáfu af bæklingnum um Leitir.is á vefnum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11.10

Næsti fundur verður haldinn á miðvikudaginn, 11. desember 2013, kl. 9.

Rósa S. Jónsdóttir